

59. gr.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður s.s. yfirmenn stofnana og deilda bæjarins og veitir þeim lausn frá störfum.

60. gr.

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 59. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seltjarnarneskaupstaðar nr. 254/1974 með síðari breytingu.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði nr. 203/1972, með síðari breytingum.

1. gr.

Síðasti málsliður 5. mgr. 21. gr. orðist svo: „Ekki er leyft að nota strengi með minna en 8 mm þvermáli fyrir lyftur sem falla undir flokk c og d.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 28. maí 1980, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 22. janúar 1988.

F.h.r.
Hallgrímur Dalberg.

Óskar Hallgrímsson.